

# Samantekt umsagna

Umsagnir um framtíðarskipan skóla- og frístundastarfs í Hlíðaskóla, Háteigsskóla, Austurbæjarskóla og Vörðuskóla.

---

SIGRÚN HARPA MAGNÚSDÓTTIR

MATSRÆÐINGUR Á SKÓLA- OG FRÍSTUNDASVIÐI REYKJAVÍKURBORGAR

DESEMBER 2022

# Sviðsmyndir


## Sviðsmynd 1

- Vörðuskóli verði unglingskóli (8.-10. bekk) fyrir krakka sem koma úr Austurbæjarskóla og Hlíðaskóla
  - Félagsmiðstöðin 100og1 og Gleðibankinn sameinast og verða fyrir unglinga í Vörðumíðstíg Austurbæjarskóla og Hlíðaskóla.
- Austurbæjarskóli verður fyrir 1.-7. bekk
  - Draumaland er frístundaheimili fyrir 1.-4. bekk í Austurbæjarskóla
  - Sameinuð félagsmiðstöð verður félagsmiðstöð fyrir 5.-7. bekk og fer fram í skólanum
- Hlíðaskóli verður fyrir nemendur í 1.-7. bekk
  - Eldflaugin er frístundaheimili fyrir 1.-4. bekk í Hlíðaskóla.
  - Sameinuð félagsmiðstöð verður félagsmiðstöð fyrir 5.-7. bekk og fer fram í skólanum
- Háteigsskóla verður fyrir 1.-10. bekk og byggja þarf við skólann.
  - Félagsmiðstöðin 105 verður fyrir Háteigsskóla.
  - Halastjarnan verður frístundaheimili fyrir 1.-4. bekk í Háteigsskóla.



## Sviðsmynd 2

- Vörðuskóli verði unglingskóli fyrir nemendur úr Austurbæjarskól. Hlíðaskóla og Háteigsskóla.
  - Sameinuð félagsmiðstöð fyrir 8.-10. bekk í 100og1.
- Austurbæjarskóli verður fyrir 1.-7. bekk
  - Draumaland verður frístundaheimili fyrir 1.-4. bekk
  - Sameinuð félagsmiðstöð verður félagsmiðstöð fyrir 5.-7. bekk og fer fram
- Hlíðaskóli verður fyrir 1.-7. bekk
  - Eldflaugin verður frístundaheimili fyrir 1.-4. bekk
  - Sameinuð félagsmiðstöð verður félagsmiðstöð fyrir 5.-7. bekk og fer fram
- Háteigsskóli verður fyrir 1.-7. bekk
  - Halastjarnan verður frístundaheimili fyrir 1.-4. bekk
  - Sameinuð félagsmiðstöð verður félagsmiðstöð fyrir 5.-7. bekk og fer fram



## Sviðsmynd 5

- Vörðuskóla og Austurbæjarskóla sameinaðir í einn skóla
  - 1.-7. bekkur í Austurbæjarskóla og 8.-10. bekkur í öllum þremur skólum
  - Sameinuð félagsmiðstöð (Gleðibankinn, 105 og 100og1) fyrir 5.-10. bekk
  - Draumaland er frístundaheimilið fyrir 1.-4. bekk.
- Hlíðaskóli er fyrir 1.-7. bekk
  - Eldflaugin er frístundaheimili fyrir 1.-4. bekk
  - Sameinuð félagsmiðstöð verður félagsmiðstöð fyrir 5.-7. bekk og fer fram í skólanum
- Háteigsskóli er fyrir 1.-7. bekk
  - Halastjarnan er frístundaheimili fyrir 1.-4. bekk
  - Sameinuð félagsmiðstöð verður félagsmiðstöð fyrir 5.-7. bekk og fer fram í skólanum



## Sviðsmynd 3

- Vörðuskóli verði unglingskóli (8.-10. bekk) fyrir krakka sem koma úr Austurbæjarskóla og Háteigsskóla
  - Félagsmiðstöðin 100og1 og 105 sameinast og verða fyrir unglinga í Vörðuskóla og í Austurbæjarskóla og Háteigsskóla.
- Austurbæjarskóli verður fyrir 1.-7. bekk
  - Draumaland er frístundaheimili fyrir 1.-4. bekk í Austurbæjarskóla
  - Sameinuð félagsmiðstöð verður félagsmiðstöð fyrir 5.-7. bekk og fer fram í skólanum
- Hlíðaskóli verður fyrir nemendur í 1.-10. bekk og byggja þarf við skólann
  - Eldflaugin er frístundaheimili fyrir 1.-4. bekk í Hlíðaskóla.
  - Gleðibankinn er félagsmiðstöð fyrir 5.-10. bekk
- Háteigsskóla verður fyrir 1.-7. bekk.
  - Sameinuð félagsmiðstöð verður félagsmiðstöð fyrir 5.-7. bekk og fer fram í skólanum
  - Halastjarnan verður frístundaheimili fyrir 1.-4. bekk í Háteigsskóla.



## Sviðsmynd 4

- Austurbæjarskóli verði unglingskóli (8.-10. bekkur) fyrir nemendur úr Austurbæjarskóla, Háteigsskóla og Hlíðaskóla.
  - Gleðibankinn, 100og1 og 105 sameinast og verða fyrir unglinga í sameinuðum skóla.
- Vörðuskóli er fyrir nemendur í 1.-7. bekk í Austurbæjarskóla.
  - Draumaland verður frístundaheimili fyrir 1.-4. bekk
  - Sameinuð félagsmiðstöð verður félagsmiðstöð fyrir 5.-7. bekk og fer fram í skólanum
- Hlíðaskóli verður fyrir 1.-7. bekk
  - Eldflaugin verður frístundaheimili fyrir 1.-4. bekk
  - Sameinuð félagsmiðstöð verður félagsmiðstöð fyrir 5.-7. bekk og fer fram í skólanum.
- Háteigsskóli verður fyrir 1.-7. bekk
  - Halastjarnan verður frístundaheimili fyrir 1.-4. bekk
  - Sameinuð félagsmiðstöð verður félagsmiðstöð fyrir 5.-7. bekk og fer fram í skólanum.



# Umsagnir voru frá eftirfarandi hagsmunaaðilum frá mars-apríl 2022.

Grunnskólar	Frístundastarf	Íbúaráð/samtök og nemendur
<b>Austurbæjarskóli, skólaráð</b>	Frístundamiðstöðin Tjörnin	Íbúaráð Miðborgar og Hlíða
<b>Austurbæjarskóli, starfsfólk</b>	<b>Félagsmiðstöðin 101, starfsfólk</b>	Íbúasamtök Miðborgar
<b>Austurbæjarskóli, foreldrafélag</b>	<b>Félagsmiðstöðin 105, starfsfólk</b>	
Háteigsskóli, skólaráð	<b>Félagsmiðstöðin Gleðibankinn, starfsfólk</b>	Íbúasamtök Hlíða-Holts og Norðurmýris
Háteigsskóli, foreldrafélag		Frístundaheimilið Draumaland starfsfólk
Háteigsskóli, starfsfólk	Frístundaheimilið Eldflaugin starfsfólk	<b>Vinnusmiðja barna 5.-10. bekk. Háteigs- Hlíða- og Austurbæjarskóla</b>
<b>Hlíðaskóli, foreldrafélag</b>		
<b>Hlíðaskóli, skólaráð og starfsfólk</b>	Frístundaheimilið Halastjarnan starfsfólk	<b>Vinnusmiðja barna í 1.-4 bekk. Háteigs- Hlíða- og Austurbæjarskóla</b>

# Kynningarfundur og umsagnir.

---

Kynningarfundur 1. desember 2021 á skýrslu starfshóps um framtíðarskipan skóla- og frístundastarfs í Austurbæjarskóla, Háteigsskóla, Hlíðaskóla, Vörðuskóla, Draumalandi, Halastjörninni, Eldflauginni, 105, Gleðibankanum og 100og1. Óskað var eftir umsögnum um tillögur skýrslunnar frá ofangreindum hópum fyrir 1. febrúar 2022, en var framlengt til 15. febrúar 2022. Umsagnir voru sendar á netfangið [sfs@reykjavik.is](mailto:sfs@reykjavik.is).

## Fundarboð var sent á:

- Skólaráð Hlíðaskóla, Háteigsskóla, Austurbæjarskóla
- Stjórn foreldrafélag Hlíðaskóla, Háteigsskóla, Austurbæjarskóla
- Starfsmenn skóla- og frístundastarfs í Hlíðaskóla, Háteigsskóla og Austurbæjarskóla, Draumalands, Eldflaugarinnar, Halastjörnunnar, 105, 100og1, Gleðibankans, Frostheima og deildarstjórar og framkvæmdastjóri Tjarnarinnar
- Íbúaráð - Ungmennaráð

Fundurinn var rafrænn og tekinn upp og því möguleiki á að nota upptökuna til frekari umræðna og vinnu við umsagnir. Allir sem fengu fundarboð á höfðu aðgang að upptöku fundarins.

# Umsagnir frá nemendum

---

## Vinnusmiðjur nemenda í 1.-4. bekk

Upplýsingum var safnað á tvenns konar máta:

- Nemendur spurðir munnlega og/eða skriflega, inni í bekkjum/frístundaheimilunum opinna spurninga um hvernig draumaskólinn/frístundaheimilið lítur út og hvað léti þeim líða vel í skóla- og frístundastarfinu.
- Fundir voru haldnir með nokkrum börnum úr hverjum bekk (1.-4. bekk). Sviðsmyndir í skýrslunum og gögn úr bekkjar-/frístundaheimilavinnunni höfð til hliðsjónar. Í einhverjum tilfellum voru unglingar úr Réttindaráði ritara og fundastjórar.

## Vinnusmiðjur nemenda í 5.-10. bekk

- Skóla- og frístundasvið stóð fyrir stórfundi 10. mars s.l. með um 100 börnum og unglingum úr Austurbæjarskóla, Háteigsskóla og Hlíðaskóla vegna tillagna er varðar hugmyndir um breytingar á skóla- og frístundastarfi í hverfinu.
- Hluti barnanna var boðið úr slembiúrtaki meðal nemenda skólanna og hluti barnanna eru í nemendaráðum og öðrum ráðum á vegum skólanna þriggja.

# SVÓT GREINING

## Samantekt allra sviðsmynda.

---

SAMANTEKT ÚR 21 UMSÖGNUM.

## Styrkleikar

Fleiri unglingar og fleiri geta fundið sér vini. Tengja meira við krakka út frá áhugamálum, hinsegin þælingum ofl. Eykur félagsþroska. Nýjar raddir stækka sjóndeildarhringinn.

Meira námsframboð, hægt að leita til fleiri kennara. Meira val og fjölbreyttara nám.

Meira og skemmtilegra félagslíf. Meiri opnun í félagsmiðstöð. Betri aðstaða.

Góður undirbúningur fyrir menntaskóla.

Býður upp á margvíslega möguleika í samstarfi við margar stofnanir.

Möguleikar á sérhæfingu skóla sem og meiri samvinnu milli skóla.

## Ógnanir

### SVÓT

Ekki samhljómur milli hópa, engin ein sviðsmynd þótti afgerandi best. Flestir geta ekki sætt sig við neinn af þeim kostum sem í boði eru.

Áhyggjur af vegalengdum og öryggi nemenda í umferð. Umferðarálag og aukin slyshætta. Samgöngur á milli hverfa þurfa að batna. Strætósamgöngur ekki nægilega góðar, stangast á við áherslur Græna plansins.

Mikilvægt atriði er að húsnæði sé heilsusamlegt. Mikilvægt að frístundaheimili fái viðunandi aðstöðu.

Áhyggjur af þjónustu við heyrnarskert börn. Tryggja þarf aðgengi fyrir fatlaða.

Áhyggjur af því að þátttaka í félagsmiðstöðvarstarfi dvíni og yfirsýn starfsmanna verði ekki eins mikil.

Áhyggjur af mannauðsmissi úr skólanum ef breytingar verða gerðar.

## Veikleikar

Meira foreldraskutl, ekki umhverfisvænt. Unglingar sem eiga heima lengra frá ólíklegri til að mæta í félagsmiðstöðina. Langt ferðalag getur verið fráhrindandi

Minni nánd milli kennara og nemenda í stórum hópi. Ólíklegar að maður lendi með vinum í bekk. Meiri samkeppni um að komast í nemendaráð.

Verið að aðskilja systkini á ólíkum aldri.

Áhyggjur af því hvort húsnæði Vörðuskóla sé öruggt og heilsusamlegt.

Meirihluti foreldra valdi búsetu kýs að börn þeirra geti verið í skóla innan hverfis. Flestir foreldrar mótfallnir hugmyndum um safnskóla.

## Tækifæri

Spennandi verkefni. Mikilvægt að auka aðkomu ólíks fagfólks inn í skólana.

Mikilvægt að húsnæði henti öllum og hæfi nútíma starfs- og kennsluháttum. Hanna og endurhugsa eldri mannvirki í takt við Græna planið þar sem samnýting er í fyrirrúmi, sem og endurbætur á lóðum.

Leggja áherslu á að viðhalda öfluggu foreldrasamstarfi. Kynna þarf breytingarnar vel.

Halda áfram að vera með heildstæða hverfisskóla og byggja við.

Sýna fram á að safnskóli sé í reynd betri kostur fyrir nemendur út frá kennslufræðilegum, félagslegum og þroskalegum forsendum, en ekki bara rekstrarlega hagkvæmara.

# Greining eftir umsagnaraðilum

---

Grænn litur: Styrkleikar, atriði sem hagsmunahópur telur jákvætt við tillögurnar.

Rauður: Veikleiki, atriði sem hagsmunahópur telur neikvætt við tillögurnar.

Svartur: Ábendingar, til umhugsunar eða þættir sem þarf að hafa í huga við breytingarnar.



# Íbúaráð Miðborgar og Hlíða – Miðborgar - Hlíða, Holts og Norðurmýris

## ÍBÚARÁÐ MIÐBORGAR OG HLÍÐA

Uppbygging skóla- félags- og frístundastarfs í hverfunum er spennandi verkefni.

Fulltrúar íbúaráðinu taka ekki afstöðu með hvaða sviðsmynd sé best en vilja þegar umsagnir skólasamfélagsins í heild sinni liggja fyrir á því hvar styrkleikar og veikleikar liggja að þeirra mati.

Spennandi tækifæra í stöðunni þar sem byggja má upp nýjan skóla í rótgrónum hverfum en eru meðvituð um áskoranir og áhyggjur sem hafa komið fram hjá foreldrum.

- Mikilvægt atriði er að húsnæði sé heilsusamlegt.
- Mikilvægt að horfa til algildrar hönnunar, sama hver framtíðarskipan verður.
- Mikilvægt að húsnæði henti öllum börnum og hæfi nútíma starfs- og kennsluháttum.
- Mikilvægt að almenningssamgöngur séu góðar og öruggar og einnig göngu- og hjólaleiðir.
- Mikilvægt að byggja á góðri reynslu um reynslu, nýsköpun og framþróun, horft sé t.d. til Réttarholtsskóla og Hagaskóla sem báðir eru unglingskólar. Bent á meiri möguleika í félagavali.
- Mikilvægt að auka aðkomu ólíks fagfólks inn í skólana. Sem dæmi má nefna iðjubjálfa, þroskabjálfa, sálfræðinga, félags- og tómstundafræðinga eins og gert er ráð fyrir í BBB verkefninu.

## ÍBÚASAMTÖK MIÐBORGAR

Ekki var óskað umsagnar frá þessum hópi en íbúasamtök eiga fulltrúa í íbúaráði.

Stjórn íbúasamtaka miðborgar Reykjavíkur fagnar kaupum Reykjavíkurborgar á Vörðuskóla.

Hugnast ekki að Austurbæjarskóli verði unglingskóli.

- Áhyggjur af umferðarálagi og aukinni slyshættu af því á álagstímum.
- Ábendingar um ólíka skólabyrjun að morgni ef skólastarf verður í báðum skólum.

## ÍBÚARÁÐ HLÍÐA, HOLTS OG NORÐURMÝRIS

Mikið rask á högum unglunga í hverfinu.

Í könnun foreldra er talsverð andstaða gegn hugmyndinni um safnskóla fyrir unglunga. Hættulegt að senda börn yfir stórar götur, vinnur gegn Græna planinu að foreldrar skutli börnum í skóla.

Í könnun kemur fram að flestir vilja byggt verði við Háteigs- og Hlíðaskóla. Umhverfisvænna að nýta húsnæði sem fyrir er í stað þess að byggja nýtt.

Húsnæði Vörðuskóla þarfnast „töluverðra endurbóta, m.a. vegna myglu“, ekki hefur verið gerð sementsrannsókn og því ekki hægt að vita hvort hægt sé að nota húsnæðið. Spurning hvort húsnæðið þjóni best nútíma kennsluháttum og skólastarfi.

Mikilvægt að sýna þurfi fram á að safnskóli sé í reynd betri kostur út frá kennslufræðilegum, félagslegum og þroskalegum forsendum – áður en hróflað verði með afgerandi hætti við starfsemi hverfisskólanna.

# Nemendur: Ungmennaráð, 5.-10. bekkur og 1.-4. bekkur í Háteigs- Hlíða- og Austurbæjarskóla.

## UNGMENNARÁÐ VESTURBÆJAR, MIÐBORGAR OG HLÍÐA (8.-10. BEKKUR)

Stór plús að vera með fleiri unglingum í unglingadeildinni.

- Fjölbreyttari vinir og krakkar með fleiri áhugamál sem eykur líkur á að stækka tengslanetið og auka félagsþroska.
- Jákvætt að hafa meira námsframboð og að hægt er að leita til fleiri kennara.
- Jafnvel myndi aukast metnaður nemenda gagnvart skólanum með meiri „samkeppni“.

Samgöngur á milli hverfa þurfa að batna til muna ef að sameiningunni yrði.

- Sérstaklega með strætó, eru alls ekki nógu auðveldar samgöngur þarna á milli.

Hætta á að unglingar sem eiga heima í hverfunum í kringum Háteigs- og Hlíðaskóla séu ólíklegri til að mæta í félagsmiðstöðina á kvöldin.

- Langt ferðalag getur verið ansi fráhrindandi.
- Þau sem höfðu reynt af slíku umhverfi í Hagaskóla, sögðu að margir unglingar töluðu oft um það sem ástæðu fyrir að mæta ekki á félagsmiðstöðvaropnanir.

## VINNUSMIÐJUR BARNNA Í 5.-10. BEKK (HLÍÐA-HÁALEITI OG AUSTURBÆJARSKÓLA)

Fleiri unglingar fá að vera saman, möguleikar á að kynnst fleiri krökkum þar sem allir geta fundið sér vini.

Fá meira val í skólanum, fjölbreyttara nám og meira pláss.

Félagslífið yrði meira og skemmtilegra en áður. Jákvætt ef þetta myndi auka opnun í félagsmiðstöðinni.

Betri aðstaða fyrir unglunga. Að fara í unglingaskóla líka talin góður undirbúningur fyrir menntaskóla. Getur verið af hinu góða að breyta um umhverfi eftir 7. bekk og fara í nýjan skóla.

Lengra fyrir suma að fara í skólann, meira foreldraskutl en annars, ekki umhverfisvænt. Þarf góðar samgöngur og samgönguleiðir. Strætósamgöngur eru ekki nægilega góðar eins og staðan er núna.

Áhyggjur af því að nánd yrði minni á milli kennara og nemenda í svona stórum hópi og að það myndi ekki henta öllum vel að vera í svona stórum unglingahópi. Breytingarnar gætu aukið líkurnar á stríðni og einelti og einnig verið að aðskilja systkini á ólíkum aldri. Það er ólíklegt að maður lendi með vinum í bekk í stórum unglingaskóla og getur verið erfitt að takast á við breytingar og kynnst nýju folki eins og þyrfti að gera við þessar breytingar.

Meiri samkeppni um að komast í nemendaráð

Vangaveltur: Hvað með táknaði sem er kennt í Hlíðaskóla? Bent á betra aðgengi er fyrir fatlaða í Vörðuskóla en í Austurbæjarskóla. Kynna þarf breytingarnar vel.

## SAMANTEKT BARNNA Í 1.-4. BEKK

(HLÍÐA-HÁALEITI OG AUSTURBÆJARSKÓLA)

Meira pláss fyrir alla - Meira pláss í skólunum og minni hávaði (hávaði í unglingum). En líka gott að hafa unglingana með. Bæði gaman og leiðinlegt að vera með unglingum. Gaman að hafa mörg börn því það er skemmtilegra.

Skólalóðin með fleiri leiktækjum (sem hentar yngri) og meira pláss á skólalóðinni. Vinir úr Val yrðu með þeim í skóla. Unglingar koma úr öðrum skólum þá eignist þeir miklu fleiri vini og það er skemmtilegt fyrir alla. „Þá hætta þau kannski að rifast og vera alltaf í símanum“!

Hafa áhyggjur af því að hafa ekki eins stóra lóð til að leika á, þar eru engin leiktæki og bara bílastæði, hættulegt fyrir börn. Segja krakkana ekki vilja vakna fyrr til að fara í annan skóla. Vegalengdin meiri, sumir þurfa að labba lengra. Sumir þurfa að taka strætó.

Hvort er betra að hafa unglunga og börn saman í skóla eða í sitthvorum skólanum og af hverju?

- Vinir vilja vera saman og geta verið á mismunandi aldri.
- Saman því við þekkjum alveg unglingana
- Saman, því hver er eiginlega munurinn á barni og unglingi?
- Saman, betra að hafa systkini saman í skóla, en ekki að foreldrar þurfi að skutla á mismunandi staði.
- Ekki saman því að unglingar eru að chilla á göngunum og eru fyrir
- Í sitthvoru lagi því þau eru fyrir okkur
- Sitthvoru lagi því unglingar eru svo pirrandi,
- Ekki saman, því þá er meira pláss fyrir alla

# Frístundamiðstöðin Tjörnin

---

Hugsa þarf öll mannvirki þannig að hægt sé að hafa góða samnýtingu og samstarf milli þeirra sem að nýta mannvirkið.

Mikilvægt að hafa vinnurými stjórnenda í skóla- og frístundastarfi á sama plani þannig að samtal verði auðvelt og gott.

- Hanna og endurhugsa þarf eldri mannvirki í takt við *Græna planið* þar sem samnýting er í fyrirrúmi. Til að nýta mannafla, búnað og áhöld er mikilvægt að hugsa nýtingu á skólaeldhúsa fyrir bæði frístunda- og skólastarf líkt og mannvirkið allt.

Huga þarf vel að samgöngum og leiðarkerfi strætó komi til þess að börn og unglingar þurfi að fara út úr hverfinu til að sækja skóla- og frístundastarf.

Tökum ekki afstöðu til hvaða sviðmynd myndi henta best heldur leggjum ríka áherslu á að hver starfsstaður fái aðstöðu sem að hentar starfinu til að geta unnið í takt við Menntastefnu, Frístundastefnu og Græna planið.

# Félagsmiðstöðvarnar Gleðibankinn, 105 og 101 (Starfsfólk)

GLEÐIBANKINN	105	101
<p>Pátttaka í félagsmiðstöðvarstarfi Gleðibankans er gríðarlega mikil.</p> <ul style="list-style-type: none"><li>Áhyggjur af því að sú pátttaka dali ef farið verður í safnskólahugmyndir.</li></ul> <p>Mikið forvarnarstarf fer fram og er yfirsýn starfsmanna mikil</p> <ul style="list-style-type: none"><li>Áhyggjur af því að það kunni að glatast í safnskóla.</li></ul> <p>Ábending um mikilvægi þess að hlúa áfram vel að þjónustu fyrir heyrnarskert börn í skóla- og frístundastarfi.</p> <p>Bent á mikilvægi öruggra samgangna milli hverfa þar sem umferð er mikil t.d. á Miklubraut og vegalengdir meiri.</p> <p>Mikil barnafjölgun er í Hlíðarendahverfi og því þarf að huga að í þessu samhengi</p>	<p>Leggja áherslu á að viðhalda öflugum foreldrasamstarfi.</p> <p>Ábendingar eru um að mikilvægt sé að hlúa að félagsstarfi fyrir miðstignemendur.</p> <p>Áhyggjur starfsmanna að félagsmiðstöð fyrir sameinaðar unglingsdeildir verði orðin of stór og yfirsýn starfsfólks verði minni og erfiðara geti reynst að ná inn félagslega einangruðum börnum inn í starfið.</p> <p>Bent er á hvort fjarlægðir séu orðnar of miklar.</p> <p>Stór sameinuð unglingsdeild tækifæri á borð við að hafa stærri og fjölbreyttari hópa innanhúss hjá sér.</p>	<p>Sóknarfæri í stórum og fjölbreyttum nemendahópum</p> <ul style="list-style-type: none"><li>Fleiri geta speglað sig og fundið sig í öðrum vinahópum</li><li>Tengja meira við krakka út frá til dæmis áhugamálum, hinsegin þælingum ofl.</li></ul> <p>Mikilvægt að hlúa vel að foreldrastarfi</p> <ul style="list-style-type: none"><li>Tryggja þarf samheldni í foreldrahópnum við breytta mynd</li></ul>

# Frístundaheimilin Draumaland, Eldflaugin og Halastjarnan (Starfsfólk )

DRAUMALAND	ELDFLAUGIN	HALASTJARNAN
<p>Mikilvægt að hafa í huga, eftir því hvaða breytingar verða gerðar</p> <ul style="list-style-type: none"><li>○ Að Draumaland fái bættu húsnæðisaðstöðu fyrir starfið.</li><li>○ Mikill áhugi að fá að hanna í sameiningu rými sem myndi henta bæði frístund og skóla.</li><li>○ Erfitt að átta sig á hve vel húsnæði Vörðuskóla henti fyrir frístundastarf, þarf að skoða í nánú samstarfi við stjórnendur frístundar.</li></ul> <p>Gera þarf miklar endurbætur á lóð og huga að leiksvæði ef yngri stigið myndi vera í Vörðuskóla.</p>	<p>Huga þarf sérstaklega að döfð börnum við allar breytingar.</p> <p><b>Langt fyrir börn sem búa í Suðurhlíðunum að sækja skóla í Vörðuskóla.</b></p> <p>Minna á mikilvægi lóðar við Vörðuskóla ef yngri börn fara þangað. Þyrfti að fara í miklar framkvæmdir og endurbætur á lóðinni.</p> <p>Aðgengi fatlaðra þarf að tryggja.</p>	<p>Mikilvægt er að starfssemi frístundaheimilisins hafi öruggt og viðeigandi húsnæði.</p> <p>Áhersla lögð á að, þar til niðurstaða skýrist, að hugað verði að því að frístundaheimilið fái viðunandi aðstöðu.</p> <p>Núverandi húsnæði er ekki framtíðarhúsnæði og þarf að huga að því, hvaða sviðsmynd verður ofan á.</p> <p><b>Áhyggjur eru af því að viðbygging við Háteigsskóla taki langan tíma, en þó myndi slík framkvæmd gera ráð fyrir þörfum frístundaheimilis.</b></p>

# Austurbæjarskóli: Skólaráð, starfsfólk, foreldrafélag

SKÓLARÁÐ	STARFSFÓLK	FORELDRAFÉLAG
<p>Skólaráð telur það spennandi kost að allir unglingar úr hverfunum þremur safnist saman í einn safnskola.</p> <p>Kostur að yngri nemendur séu aðskilin frá þeim eldri.</p> <p>Aukinn fjöldi nemenda gæti skapað aukna fjölbreytni í námi og kennslu nemenda á unglingastigi m.a. fleiri og fjölbreyttari valgreinar.</p> <p>Mikilvægt að við sameiningu unglingadeilda skólanna þyrfti að vinna með félagsfærni og skapa og festa nýja og jákvæða skólamenningu í sessi.</p> <p>Huga þarf að því allt húsnæði henti starfseminni. Einnig að horft verði til skólalóða.</p> <p>Tryggja þarf öruggar samgöngur milli hverfa.</p>	<p>Hver sviðsmynd skoðuð, styrkleikar og veikleikar metnir, auk tækifæra og ógnana.</p> <p>Ekki var samhljómur milli niðurstaðna hópanna og engin ein sviðsmynd þótti afgerandi best. Ákveðin stef sem starfsmenn voru á einu máli um.</p> <ul style="list-style-type: none"><li>Styrkur að unglingadeildin verði stærri, skapaði tækifæri til fjölbreyttari kennsluhátta og samstarfs nemenda og kennara.</li><li>Með sameiningu felast tækifæri í því að bjóða upp á aukið val, aukin námstækifæri og fleiri námsúrræði við hæfi.</li><li>Fjölbreytni nemendahópsins skapar sóknarfæri þegar kemur að því að móta nýja skólamenningu.</li><li><b>Helsti veikleikinn er fjarlægðin milli skóla sem getur skapað meiri bílaumferð.</b></li></ul>	<p>Foreldrafélagið framkvæmdi könnun meðal foreldra. Rúmlega 100 manns svöruðu. 81,4% svarenda voru búin að kynna sér tillögur starfshóps. Í svörum kom fram að foreldrar eru opnir fyrir því að Vörðuskóli verði unglingaskóli fyrir börn í 8.- 10. bekk og þá jafnvel safnskóli fyrir nemendur úr öðrum skólum í hverfinu.</p> <p>Niðurstöður könnunarinnar sýna að foreldrum Austurbæjarskóla hugnast best sviðsmyndir IV (að Austurbæjarskóli verði safnskóli á unglingastigi á unglingastigi úr öllum skólunum þremur) og V (að Vörðuskóli verði hluti af Austurbæjarskóla sem heildstæður skóli en taki jafnframt við nemendum úr öðrum skólum).</p> <p>Jákvætt að við þau tímamót að hefja nám á unglingastigi fari börnin um leið yfir í nýjan skóla.</p> <p>Bent er á að staðsetning er spennandi og býður upp á margvíslega möguleika í samstarfi við margar stofnanir. Foreldrafélag sér fyrir sér öflugt skólasamfélag á Skólavörðuholtinu til framtíðar. Foreldrafélagið telur safnskóla auka félagaval fyrir unglingana og hægt að sinna fjölbreyttari áhugasviðum. Nýjar raddir stækka sjóndeildarhringinn. Foreldrafélagið bendir einnig á að sameinaður unglingaskóli styður við undirbúning fyrir menntun í framhaldsskólum og þær áskoranir sem felast í því.</p> <p>Austurbæjarskóli hefur stóra skólalóð sem þykir henta betur fyrir yngri börnin í 1. – 7. bekk. Sundlaug og samkomusalur í Austurbæjarskóla hentar betur fyrir yngri börnin.</p> <p>Þess skal þó getið að einnig kom fram það sjónarmið að Austurbæjarskóli búi yfir það miklum menningarsögulegum og sterkum sérkennum til að honum sé skipt upp.</p> <p><b>Áhyggjur komu fram um hvort húsnæði Vörðuskóla væri öruggt og heilsusamlegt.</b></p> <p>Spennistöðin er nú þegar á svæðinu með sínu öfluga starfsfólki og húsnæði þar sem er frábærar aðstaða fyrir unglunga í hverfinu. Allir skólarnir sameinast nú í íþróttafélaginu Val og tengjast margir krakkar í þessum skólum innbyrðis í gegnum íþróttastarfið nú þegar. Valsrúta gengur nú milli þessara skóla fyrir 1. – 4. bekk.</p> <p>Vegalengdir eru áskoranir fyrir þá sem koma lengra að og verður að huga vel að samgöngum til og frá skóla.</p>

# Háteigsskóli: Skólaráð, starfsfólk, foreldrafélag

## SKÓLARÁÐ

Mikilvægt er að bregðast strax við bráðri rýmisþörf Háteigsskóla. **Ákall um auknið húsrými við Háteigsskóla jafngildir ekki ósk um safnskóla utan Háteigshverfis sbr. niðurstöður úr nýlegri könnun foreldrafélags (meirihluti svarenda valdi sér búsetu í Háteigshverfi vegna Háteigsskóla og kys að börn þeirra geti verið í skóla innan hverfis). Skólaráð Háteigsskóla telur ekki skynsamlegt að umbylta skólastarfi hverfisins í algjörri andstöðu við meirihlutavilja foreldrasamfélagsins.**

Áhersla á Græna plan Reykjavíkurborgar og þjónustustefna hennar stangast á við aukna notkun einkabíls við þessar breytingar. Skólaráð hefur áhyggjur af vegalengdum og öryggi nemenda í umferð.

Í ljósi þess að flestar sviðsmyndirnar sem kynntar eru í skýrslu starfshóps um framtíðarskipan skóla- og frístundastarfs fela í sér heilmikið rask á högum unglinga hverfisins og fjölskyldum þeirra, telur skólaráð Háteigsskóla æskilegt að ekki sé farið í svo róttækar breytingar nema fyrst sé sýnt fram á það að safnskóli sé í reynd betri kostur fyrir nemendur út frá kennslufræðilegum, félagslegum og þroskalegum forsendum, en ekki bara rekstrarlega hagkvæmara fyrir borgina.

Skólaráð hefur áhyggjur af mögulegri myglu í Vörðuskóla og að ekki verði mögulegt að uppræta hana.

Skólaráð hvetur til þess að hugað verði sem fyrst að úrbótum vegna rýmisparfar Háteigsskóla í kjölfar þéttingar byggðar innan hverfisins.

## STARFSFÓLK

Allar sviðsmyndir voru svót-greindar en ekki tekin afstaða um forgang sviðsmynda.

Stór unglingadeild getur skapað aukin tækifæri. Fjölbreytileiki nemenda verður meiri og auknið námsframboð.

Áhyggjur starfsmanna eru að nemendur geti „týnst“ í stærri einingum.

Við breytingar geta orðið miklar áskoranir varðandi samgöngur, einkum varðandi öryggi.

Mikilvægt að sinna döff börnum, að þau gleymist ekki við breytingar.

Áhyggjur af mannauðsmissi úr skólanum ef breytingar verða gerðar.

Nefndir eru sem tækifæra möguleikar á sérhæfingu skóla sem og meiri samvinnu milli skóla.

Ekki er tekið tillit til ábendinga og hugmynda um húsnæði menntavísindasviðs háskóla Íslands sem fram koma í ábendingum starfsfólks þar sem það húsnæði var ekki hluti af þeim byggingum sem starfshópurinn átti að fjalla um.

Í Háteigsskóla hafa starfsmenn náð að byggja upp jákvæða og einstaka unglíngamenningu., málefni hinsegin nemenda fá mikinn hljómgrunn. Jákvæð hegðun unglínginga er ráðandi og gott utanumhald kennara og starfsmanna

## FORELDRAFÉLAG

Vísað í þjónustustefnu um að nærþjónusta skuli vera eins nálægt notendum og kostur er á.

Foreldrafélagið setti fram könnun til foreldra/forráðamanna í Háteigsskóla. Svör bárust frá 142 foreldrum/forráðamönnum.

- 80,8% foreldra og forráðamanna höfðu kynnt sér skýrslu starfshópsins. 83,8% vilja að barnið þeirra sé í heildstæðum skóla.
- 47,9% lýst best á tillögu I (Vörðuskóli verði unglíngaskóli fyrir nemendur úr Austurbæjarskóla og Hlíðaskóla og byggt verði við Háteigsskóla).
- 76% foreldra segja skólann hafa haft áhrif á val á búsetu. Telja að safnskóli eigi að vera innan hverfis, í Hlíðunum.

Áhyggjur af umferðaröryggi nemenda ef Vörðuskóli verður safnskóli og áhyggjur af því að vegalengd verði lengri en áður. Áhyggjur af samgöngum og fjarlægð. Vitnað í kolefnishlutlaust borgarsamfélag. Bent á að öll þétting byggðar á þessu svæði verði að taka tillit til þess að stækka þurfi skólann á næstu árum.

Áhyggjur af Vörðuskóla varðandi ástand húsnæðis. Bent er á að skoða nýtingu á öðru húsnæði í nágrenni Háteigsskóla s.s. Ísaksskóla og húsnæði háskólans við Stakkahlíð.

Skorað á borgaryfirvöld að standa við fyrirheit um uppbyggingu og stækkun Háteigsskóla, til að þjóna því hlutverki að vera heildstærður hverfis-skóli og þar með þungamiðja hverfisins í félagslegum samskiptum. Styður líka við græna borg, bíllausan lífsstíl, sjálfbær hverfi og að þjónusta sé veitt nálægt notendum hennar.

# Hlíðaskóli: Skólaráð, starfsfólk, foreldrafélag

## STARFSFÓLK

### UMSÖGN STARFSFÓLKS Í HLÍÐASKÓLA VAR SKILAÐ MEÐ UMSÖGN SKÓLARÁÐS

#### SKÓLARÁÐ

Skólaráð Hlíðaskóla er ekki mótfallið hugmyndum um safnskóla á unglíngastigi og telur marga kosti við slíkt fyrirkomulag ef útfærslan er vönduð. Fjölreytt framboð valgreina, meira félagaval eru meðal kostna við safnskóla á unglíngastigi.

Staðsetning safnskóla í Vörðuskóla kemur þó ekki til greina. Ástand húss, fjarlægðir og öryggissjónarmið ráða þar mestu.

Af þeim kostum sem settir eru fram í skýrslunni, telur skólaráð Hlíðaskóla að þriðji valkosturinn, að "Vörðuskóli verði unglíngaskóli fyrir nemendur úr Austurbæjarskóla og Háteigsskóla. Byggt verði við Hlíðaskóla samkvæmt þörf" sé sá eini sem ráðið getur sætt sig við.

Könnun meðal foreldra í skólanum hefur auk þess leitt í ljós að meirihluti þeirra sem taka afstöðu til þessara fimm valkosta styður valkost númer þrjú (47.1 %). Rúm 32% telja sig ekki geta sætt sig við neinn af þeim kostum sem í boði eru.

Umsagnir frá starfsfólki fóru með fulltrúum kennara í skólaráði inn í umsögn skólaráðs.

#### FORELDRAFÉLAG

Gerð var könnun meðal foreldra/forráðamanna. 174 skiluðu svörum og 80% þeirra höfðu kynnt sér skýrslu starfshóps. Niðurstaða könnunar er að foreldrar í Hlíðaskóla eru afdráttarlaust mótfallnir hugmyndum um flutning unglíngadeildar í Vörðuskóla og einnig eru flestir almennt mótfallnir hugmyndum um safnskóla.

Húsnæði Vörðuskóla ekki talið valkostur vegna ástands hússins. Staðsetning fyrir safnskóla í Vörðuskóla er ekki raunhæfur kostur. Bent á álag á fjölskyldur vegna fjarlægðar og um leið aukna mengun. Mikil áskorun yfir veturinn fyrir gangandi börn og unglíngi.

Safnskóli er ekki valmöguleiki, mikilvægt að byggt verði við Hlíðaskóla.

Foreldrafélagið leggur áherslu á að ekki verði farið í breytingar nema í góðu samstarfi við foreldrana í hverfinu og að foreldrar og nemendur fái að taka þátt í undirbúningi og ákvarðanatöku á öllum stigum máls.

Mikill meirihluti foreldra í könnun kölluðu eftir því að Hlíðaskóli yrði áfram heildstæður hverfisskóli. Verði sá valkostur fyrir valinu, að setja á stofn safnskóla, teljum við húsnæði Menntavísindasviðs við Stakkahlíð mögulegan kost.



# SVÓT GREINING – lengri útgáfa

---

SAMANTEKT ÚR 21 UMSÖGNUM.

## Styrkleikar

Fleiri unglingar fá að vera saman, möguleikar á að kynnast fleiri krökkum þar sem allir geta fundið sér vini. Stækkar tengslanetið og eykur félagsþroska. Félagslífið yrði meira og skemmtilegra en áður. Meiri opnun í félagsmiðstöð.

Betri aðstaða fyrir unglinga. Góður undirbúningur fyrir menntaskóla (að fara í safnskóla). Jákvætt að hafa meira námsframboð og að hægt er að leita til fleiri kennara. Meira pláss fyrir alla. Meira val í skólanum og fjölbreyttara nám. Sóknarfæri í stórum og fjölbreyttum nemendahópum. Fleiri geta speglað sig og fundið sig í öðrum vinahópum. Tengja meira við krakka út frá til dæmis áhugamálum, hinsegin þælingum ofl.

Spennandi að allir unglingar úr hverfunum þremur safnist saman í einn safnskóla.

Kostur að yngri nemendur séu aðskilin frá þeim eldri. Nýjar raddir stækka sjóndeildarhringinn

Býður upp á margvíslega möguleika í samstarfi við margar stofnanir.

Möguleikar á sérhæfingu skóla sem og meiri samvinnu milli skóla.

Foreldrafélag sér fyrir sér öflugt skólasamfélag á Skólavörðuholtinu til framtíðar.

## Veikleikar

Meira foreldraskutl en annars, ekki umhverfisvænt. Hætta á að unglingar sem eiga heima í hverfunum lengra frá séu ólíklegri til að mæta í félagsmiðstöðina á kvöldin. Langt ferðalag getur verið fráhrindandi

Áhyggjur af því að nánd yrði minni á milli kennara og nemenda í stórum hópi og að það myndi ekki henta öllum vel. Breytingarnar gætu aukið líkurnar á stríðni og einelti. Verið að aðskilja systkini á ólíkum aldri. Það er ólíklegt að maður lendi með vinum í bekk. Meiri samkeppni um að komast í nemendaráð.

Austurbæjarskóli býr yfir það miklum menningarsögulegum og sterkum sérkennum til að honum sé skipt upp.

Áhyggjur af því hvort húsnæði Vörðuskóla sé öruggt og heilsusamlegt.

Ákall um aukið húsrými við skóla jafngildir ekki ósk um safnskóla utan hverfis

Meirihluti foreldra (í könnun) valdi sér búsetu í hverfi vegna skóla og kys að börn þeirra geti verið í skóla innan hverfis. Ekki skynsamlegt að umbylta skólustarfi hverfisins í algjörrri andstöðu við meirihlutavilja foreldrasamfélagsins. Flestir foreldrar mótfallnir hugmyndum um safnskóla.

## SVÓT

## Ógnanir

Ekki var samhljómur milli niðurstaðna hópanna og engin ein sviðsmynd þótti afgerandi best. Get ekki sætt sig við neinn af þeim kostum sem í boði eru.

Áhyggjur af umferðarálagi og aukinni slyshættu. Samgöngur á milli hverfa þurfa að batna til muna ef að sameiningunni yrði. Strætósamgöngur eru ekki nægilega góðar eins og staðan er núna.

Áhersla á Græna plan Reykjavíkurborgar og þjónustustefna hennar stangast á við aukna notkun einkabíls við þessar breytingar. Áhyggjur af vegalengdum og öryggi nemenda í umferð.

Mikilvægt atriði er að húsnæði sé heilsusamlegt.

Hvað með táknmálið sem er kennt í Hlíðaskóla? Ábending um mikilvægi þess að hlúa áfram vel að þjónustu fyrir heyrnarskert börn í skóla- og frístundastarfi. Bent á mikilvægi þess að hafa aðgengi fyrir fatlaða, þarf að tryggja.

Áhyggjur af því að þátttaka í félagsmiðstöðvarstarfi dvíni og yfirsýn starfsmanna verði ekki eins mikil í stórum skóla. Áhersla lögð á frístundaheimilið fái viðunandi aðstöðu.

Áhyggjur af mannauðsmissi úr skólanum ef breytingar verða gerðar.

## Tækifæri

Uppbygging skóla- félags- og frístundastarfs í hverfunum er spennandi verkefni. Mikilvægt að auka aðkomu ólíks fagfólks inn í skólana.

Mikilvægt að húsnæði henti öllum börnum og hæfi nútíma starfs- og kennsluháttum. Mikill áhugi að fá að hanna í sameiningu rými sem myndi henta bæði frístund og skóla.

Minna á mikilvægi lóða, þyrfti að fara í miklar framkvæmdir og endurbætur á lóðinni. Hanna og endurhugsa þarf eldri mannvirki í takt við Græna planið þar sem samnýting er í fyrirrúmi.

Leggja áherslu á að viðhalda öflugu foreldrasamstarfi.

Kynna þarf breytingarnar vel.

Halda áfram að vera með heildstæða hverfisskóla og byggja við.

Æskilegt að ekki sé farið í svo róttækar breytingar nema fyrst sé sýnt fram á það að safnskóli sé í reynd betri kostur fyrir nemendur út frá kennslufræðilegum, félagslegum og þroskalegum forsendum, en ekki bara rekstrarlega hagkvæmara fyrir borgina.